

Aðalfundur Landverndar 19. apríl 2023

Tillaga stjórnar að ályktun (drög 87.4.2023)

Stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs og verndun hálendisins

Aðalfundur Landverndar telur að hálendið sem heild verði best verndað til langrar framtíðar sem þjóðgarður. Verkefnið má vinna í áföngum, eins og lagt er til í stjórnarsáttmálanum, til að vinna traust og skilning hagaðila, og til að öðlast ganglega reynslu á þeirri vegferð.

Fundurinn hvetur stjórnvöld, og sérstaklega ráðherra umhverfismála, að hefja þá vinnu sem er forsenda þess að ná markmiðum stjórnarsáttmálans um verndun hálendisins og kalla alla hagsmunaaðila að borðinu til samtals.

Fundur telur skynsamlegt að stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs beinist nú að því að bæta tveimur heildstæðum og samfelldum svæðum við núverandi þjóðgarð; Langjökli-Hofsjökli og svæðinu þar á milli og aðliggjandi friðlýstu svæði og Mýrdalsjökli-Friðland að fjallabaki og svæðið þar á milli.

Greinargerð

Í [sáttmála ríkisstjórnarinnar](#) segir m.a. „Stofnaður verður þjóðgarður á þegar friðlýstum svæðum og jöklum í þjóðlendum á hálendinu með breytingu á lögum um Vatnajökulsþjóðgarð. Áhersla verður lögð á samtál og samvinnu við heimamenn og svæðisráðum fjölgað.

Þessi áformríkisstjórnarinnar eru í góðu samræmi við landsskipulagsstefnu 2015-2026 þar sem segir að staðinn verði vörður um náttúru og landslag miðhálendisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægi fyrir útvist. Einnig er þar lög áhersla á verndun víðerna, landslagsheilda og mikilvægra vistgerða og gróðurlenda á miðhálendinu.

Áform ríkisstjórnarinnar lítur Landvernd á sem áfanga í átt að þjóðgarði sem með tíð og tíma komi til með að ná til allra þjóðlendna og ríkisjarða á hálendi Íslands.

Landverndar telur skynsamlegt að verkefnið nú beinist að því að bæta tveimur heildstæðum við Vatnajökulsþjóðgarð:

- Langjökull með Geitlandi, Kerlingafjöllum, Hveravellir og svæðið milli jökla, Þjórsárver og Hofsjökull, Guðlaugstungur.
- Mýrdalsjökull, svæðið á milli Friðlands á Fjallabaki og jökulsins, og Friðlandið að Fjallabaki.

Heppilegast er að þetta verði tvö samfelld svæði; Langjökull-Hofsjökull og svæðið þar á milli og aðliggjandi friðlýst svæði og Mýrdalsjökull-Friðland að fjallabaki og svæðið þar á milli.

Almenningur og hagsmunaaðilar segjast almennt vera hlynntir því að hálendi Íslands verði verndað. Meirihluti þeirra sem tekur afstöðu í skoðanakönnunum er hlynntur því að það verði gert með stofnun þjóðgarðs.

Í skýrslunni „[Þjóðgarðar og önnur friðlýst svæði – staða og áskoranir](#)“ er að finn fjölmargar gagnlegar athuganir og ábendingar. Þar kemur m.a. fram að víðtækur stuðningur er við að friðlýsa fleiri svæði og stuðningurinn er sérstaklega útbreiddur meðal þeirra sem nýta og njóta friðlýstra svæða eins og þjóðgarða.

Svo virðist sem stjórnvöld og ráðherra umhverfismála hafa enn ekki tekið til við þetta mikilvæga verkefni sem tilgreint er í stjórnarsáttmálunum. Þetta er tímafrekt verk og því má það ekki bíða legur svo því megi ljúka fyrir loka kjörtímabilsins.